




Aðeins um: sendit



**everyone's
doing sendit**





SAFT

Hvað er sendit?

sendit er nafnlaust app eða viðbót sem notuð er með samfélagsmiðlunum Snapchat og Instagram, svokallað fylgiapp eða fylgiforrit. Þetta þýðir að notendur þurfa að hafa virkan reikning á Snapchat eða Instagram til að nota forritið. Ekki er þörf á að stofna aðgang á sendit til að geta notað það.

Á sendit búa notendur til færslu eða spurningu og tengja hana við samfélagsmiðilinn þannig að hún birtist þar. Fylgjendur svara síðan spurningunum nafnlaust og notandinn fær tilkynningar í gegnum sendit þegar svör berast.



SAFT

Unglingar sækja í nafnlaus forrit

sendit er mjög vinsælt meðal unginga á Íslandi í dag. Ástæðan fyrir vinsældum forritsins er nafnleysið, að sá sem spyr spurninganna fær endurgjöf nafnlaust, fær hrós og upplifir að eftir honum sé tekið.

Unglingum finnst líka mjög gaman að spyrja spurninga og fá svör án þess að vita hver svaraði - og sumir vilja frekar deila tilfinningum sínum á þann hátt, undir nafnleysi.

Einnig bæta nafnlaus fylgiforrit eins og sendit spennu við upplifunina á Snapchat og Instagram.




SAFT

Er sendit alveg nafnlaust?

Heilmiklar umræður hafa verið um hvort sendit sé í raun og veru nafnlaust forrit, því margar leiðir eru til að sjá hver er að spyrja eða svara. Forritið sjálft býður til dæmis upp á að notendur borgi fyrir vísbendingar um hver sendi hvaða skilaboð. Vísbendingarnar eru sendar til notandans um hvar sá sem svaraði er staðsettur, hvernig síma hann notar og hvaða sameiginlegu vini hann á með þeim sem svaraði.

Unglingar eru mjög forvitnir þegar kemur að því að vita hver var að senda skilaboðin en þetta er á mjög gráu svæði þar sem unglingar freistast til að sjá hver sendi hatursfull skilaboð og borga fyrir það. Þannig njóta eigendur forritsins góðs af ógæfu annarra.



Lögregla varar við nafnlausum forritum

Í raun er ekki nægilega öruggt fyrir börn og ungmenntu að nota öpp eða viðbætur sem eru nafnlausar og margir foreldrar hafa áhyggjur af öryggi barna og ungmenna á sendit.

Í Noregi hafa t.d. foreldrar haft miklar áhyggjur af veru barna á forritinu. Bæði barnaverndaryfirvöld þar í landi og lögreglan hafa varað börn og ungmenntu við að nota nafnlaus forrit.

Nafnleynd tengist fleiri öppum en sendit, t.d. er mikið um gervireikninga á TikTok og Snapchat þar sem skilaboð eru send í nafnleysi.



SAFT

Hefur áhrif á andlega heilsu

Þó að oftast sé það sem sent er á sendit nokkuð saklaust og hvetjandi, þá eru því miður mörg dæmi þess að forritið sé misnotað. Þar eru börn og ungmenni lögð í einelti og áreitt. Nafnleysi hvetur notendur oft til þess að segja hluti sem þeir myndu aldrei segja undir nafni eða í návist annarra og gerendur eru oft harðari því þeir geta falið sig bakvið nafnleynd.



Nafnlausir leikir eins og "Smash or Pass", "Never Have I Ever", "Roast Me" eða "Rate Me" í gegnum sendit ýta líka undir leiðinleg svör og athugasemdir. Neikvæðar gagnrýnisraddir geta skaðað sjálfsmynd ungmenna og haft áhrif á andlega heilsu þeirra.

Einnig hafa barnaníðingar notað forritið til að komast í samband við börn og ungmenni og verið að spyrja þau kynferðislegra spurninga. Oft getur verið erfiðara fyrir lögreglu að finna þá í gegnum nafnlaus forrit.

SAFT



Dæmi um notkun á sendit:



SAFT

Engar síur

Engin innbyggð sía er á sendit, þ.e. það er ekki hægt að stilla forritið sjálft þannig að það sýi út eitthvað ákveðið. Það getur þó verið gott að nota Apple Screen Time eða Android Digital Wellbeing til að fylgjast með notkuninni. Slíkt kemur þó ekki í veg fyrir hvað er gert í forritinu. Þess vegna er mikilvægt að ræða við börn og ungmenntu sem nota sendit um áhættur.



SAFT

Hvað þarf að passa?

Mikilvægt er að skoða fylgjendur barna og ungmenna á Snapchat og Instagram. Við hverja er barnið að tala? Ef barn er að bæta við ókunnugu fólki, annað hvort að samþykkja það eða bæta við úr "Quick Add" á Snapchat til að eignast fleiri fylgjendur, þá getur það verið varasamt að spyrja spurninga sem hægt er að svara nafnlaust.

Mikilvægt er að barn viti að það megi ekki svara neinum persónulegum spurningum sem getur skaðað það eða aðra. Minnið barnið á að taka ekki óþarfa áhættu og þó að forritið sé nafnlaust, þá safnar sendit samt gögnum og geymir allar upplýsingar.

Hvettu barnið þitt til að hugsa áður en það sendir eða birtir eitthvað á sendit. Ekki spyrja að einhverju eða senda út af hópþrýstingi eða til að ganga í augun á einhverjum. Sumt er óviðeigandi að senda. Mikilvægt er að þau viti að þau geta haft mikil áhrif á aðra og þurfa að læra að setja sig í spor annarra.

Ræðið við börnin að það eru líkur á að þau fái leiðinlegar athugasemdir á nafnlausum miðlum. Kennið þeim að svara ekki einstaklingum sem senda móðgandi skilaboð og að láta ykkur vita.

Mikilvægt er að börnin geti leitað til ykkar ef að eitthvað gerist á sendit. Stundum halda unglingar að það sé betra að leysa vandamálin sjálf heldur en að tala við fullorðinn. Skapið traust, verið styðjandi og ekki skamma.

Hvetjið börn og ungmenni til að vera einungis á sendit með vinum sínum og passa upp á að ókunnugir séu ekki með. Það eru meiri líkur á að spurningar og svör á sendit verði létt og skemmtileg í litlum hópi. Passið að þau sendi annað hvort bara á "friends only" eða "close friends".

Ræðið við aðra foreldra í bekk eða árgangi. Ef allir aðrir í bekknum eru að nota ákveðið forrit gæti ykkar barn fundið þörf fyrir það líka og þá er gott að kynna sér málin og ræða notkun hópsins.



SAFT